215
10. nóv.

REGLUR

um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa, sem eru í siglingum um yfirlýst ófriðar- eða hættusvæði o. fl.

I. KAFLI
Farþega- og vöruflutningaskip og togarar.

1. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli landa um yfirlýst ófriðar- og hættusvæði, skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og enn fremur skulu farþegaskip fullnægja alþjóðasamþykktinni frá 29. maí 1929.

Enn fremur skal skipið fullnægja eftirgreindum fyrirmælum vegna ófriðarhættunnar.

1. Loftskeytastöðvar eða talstöðvar skulu hafðar á tveim stöðum í skipinu. Loftskeytastöðinni skulu fylgja að minnsta kosti tveir góðir móttakarar, svo að samtímis sé hægt að hlusta á 600 og 182 metrum.
2. Varðtunnu skal komið fyrir á framsiglu eða varðskýli á stýrishúsþaki.
3. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
4. Flóka-björgunarvesti skulu vera handa allri skipshöfninni, og enn fremur gúmmíbúningur með ljósbúnaði handa skipshöfn og farþegum.
5. Engu má koma fyrir á bátaþilfari, er hindrað geti greiðan aðgang að bjargbátunum.
6. Stýrishús og loftskeytaklefi skulu varin gegn skotum eða sprengjubrotum eins og bezt verður, með tilliti til stærðar skipsins, tölu varðmanna, stöðugleika (stabilitet) skipsins, og annarra atriða, er máli skipta.

   Sé ekki unnt að koma fyrir skotvörn á stýrishúsið og loftskeytaklefa, skal skotbyrgi komið fyrir í eða við stýrishúsið, og annarri talstöðinni, ef tvær eru, skal þá komið fyrir á góðum stað undir þilfari.
7. Koma skal fyrir neyðarlýsingu hjá bjargbátunum, og ef unnt er hjá bjargflekunum líka. Aflgjafa neyðarljósanna skal komið fyrir eins ofarlega og verða má í skipinu.
8. Farþegaskip skal hafa minnst 1 kaðalnet á hvorri hlið, 10 feta breitt, til þess að létta skipshöfn og farþegum að komast í bátana.

2. gr.

Fyrirskipaður búnaður bjargbáta.

Bátsfesti. Árar í öll ræði og 3 varaárar, ræði fyrir hverja ár, sem róið er með, og vararæði fyrir hver tvö ræði. Stýri með sveif eða taumum, 2 bátshakar, 2 neglur, bundnar við hvert neglugat, 1 austurtrog, 1 skjóla, 2 axir, ljósker, fullt af eldsneyti og tiltækt.

Sigla með seglum og reiða, kompás, bjargstrengur meðfram hliðum bátsins, rekakkeri með 30 faðma kaðli.

Bárufleygur með 4½ lítra af olíu eða lýsi, þannig gerður, að festa megi hann við rekakkerið.

Lofthelt hylki með 1,5 kg af brauði á hvern mann, ½ og ¼ dósir af kjöti 1 kg á mann, 400 g mjólkurtöflur, 400 g súkkulaðitöflur og 400 g Pemican, og boxaopnara,

vatnskvartil með 1 lítra af vatni á hvern mann og drykkjarílát, 12 sjálfvirk „rauðblys“ og stormeldspýtur, hvort tveggja í vatnsheldu hylki, 5 bjargbelti. Hæfilega stór skápur til að geyma í smámuni. 215 10. nóv.

Sérhver bjargbátur skal, auk hins fyrirskipaða útbúnaðar, hafa:

1. Kork- eða kapokpúða meðfram báðum hliðum bátsins, og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera 15—20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna, og skulu vera vel festir við bátinn.
2. Skjólsegl úr léttum og lituðum segldúk. Það skal falla vel við stefni og borðstokk bátsins og ná yfir ½—⅔ hluta af lengd hans. Enn fremur skal fyrir aftan skjólseglið, með borðstokk bátsins vera strengdur segldúkur 30—40 cm á hæð og falla vel að borðstokknum.

   Segl bátsins skulu börkuð eða máluð rauð.
3. 6 eldflaugar, 6 bláljós, 10 eldspýtustokkar af stormeldspýtum, allt í vatnsheldum umbúðum. Í stað eldflauganna má hafa skammbyssu með 6—12 merkjaskotum. Enn fremur 6 olíufatnaðir, 6 peysur, sáraumbúðir og tvö vasaljós, allt í vatnsheldum kassa. Þá skal einnig vera segldúkur 2 × 2 metrar til að safna í regnvatni.
4. Farþega- og vöruflutningaskip skulu hafa suðuáhald af viðurkenndri gerð.
5. Einn af bjargbátum skipsins skal vera vélbátur, búinn öllum fleytigögnum og búnaði, sem aðrir bjargbátar skipsins, og auk þess fleytigögnum, sem svara til þunga vélarinnar og annarra áhalda, sem vélbátur þarf að hafa. Enginn vélbátur má vera minni en 3.5 $m.^3$

   Í vélbátum skal vera hæfilega langur og gildur dráttarkaðall, og festartæki í bátnum til að festa hann við. Í hverjum vélbát skal vera eldneytisforði í 48 klst. með fullhraða.

   Sé í vélbátnum benzínvél, skal henni fylgja varakveikja, geymd í vatnsheldu íláti, eða svo um vélina búið, að sjór geti alls ekki að henni komizt, enda þótt sjór komi í bátinn, svo að hálf fyllist.
6. Einn af bjargbátum skipsins skal vera með loftskeytatækjum, er dragi að minnsta kosti 100 sjómílur. Undanskyldir þessu ákvæði eru skip, sem ekki hafa mann sem kann að morsa.
7. Á botni bjargbátanna að utan verðu, skal vera handlisti til beggja hliða á húfnum.
8. Í hverjum bjargbát skal vera útbúnaður til að þétta bátinn, til dæmis trétappar af mismunandi stærð, blýþynna og eirsaumur, blýhvíta, málning eða kítti, smá fjalir úr lævirkjatré eða önnur trétegund, sem ekki rifnar, skrúfur og segldúkur.
9. Ef þess er kostur, skulu bátarnir búnir fallkrókum (Sliphager).
10. Í öllum skipum, sem fara á milli landa, skal hafa aukabyrgðir af drykkjarvatni. Aukavatnsbyrgðum þessum skal þannig komið fyrir, að þær fljóti upp þótt skipið sökkvi, og komið fyrir hjá bátunum eða flekum.

3. gr.

Bjargflekar eða bjargbátar með hleypisúð.

Auk bjargbáta þeirra, sem skipið á að hafa, skal það einnig hafa bjargfleka eða bjargbáta með hleypisúð, nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

Bjargbátar þessir eða bjargflekar skulu um gerð, útbúnað og fólkstölu fullnægja alþjóðaákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varaárar eða varahluta.

Tala þeirra, sem flekinn tekur, skal ákveðinn samkvæmt alþjóðareglum og mörkuð á hann ásamt nafni skipsins, en útbúnaður flekans skal vera þessi:

1. Sem fleytigagn skal ekki eingöngu nota loftkassa eða tunnur, heldur sé einnig haft í fleytigögnum, sem hér eftir verða búin til, hæfilega mikið af korki eða kapok.

215 10. nóv.

2. Á sérhverjum fleka skal vera vatnskvartil fullt af góðu drykkjarvatni, 2 lítrar á mann í skipum í Evrópusiglingum, en 3 lítrar á mann í Ameríkusiglingum, brauðkassi með hörðu brauði, 1 kg á mann, 3 dósir af mjólk og 1 kg haframjöl á mann, 1 kg af niðursoðnu kjöti í ½ eða ¼ kg dósum, er nemi 1 kg á mann, og 400 g á mann af súkkulaðitöflum, mjólkurtöflum og Pemican. Vatnsmál og emaillemál með merkjum, til takmörkunar á drykkjarvatni, og boxaopnari.

Segldúkshlíf rauðmáluð, sem nota megi sem tjald eða hlífðarsegl og til þess að safna vatni. Enn fremur vatnsheldur dúkur með sárabindum, 2 góðir vasalampar, merkjaskammbyssa (Signalpistol) með 6 skotum, eða 6 flugeldar, 6 eldspýtustokkar af stormeldspýtum, flugeldastengur, 6 olíufatnaðir, 6 peysur eða heitar flíkur í olíupoka og fáni.

3. Á flekanum skal vera skjólsegl, vel fest við hann, 40 cm á hæð, 2 árar, 3 áragafflar, krókstjaki og öxi, 60 faðma færi, sakka og 2 önglar.

4. Kassarnir á flekunum skulu þannig gerðir, að þeir koma að fullum notum, hvor hlið flekans sem upp snýr.

Skipaskoðunarstjóri ákveður, í samráði við skipstjóra, stað fyrir björgunarfleka á skipum og hvernig þeim skuli komið fyrir á því.

Flekarnir skulu vera á rennibraut þar sem því verður við komið.

Við bjargflekann skal festa sjálfkveikjandi blys, er kvikni á um leið og bjargflekinn kemur í sjó.

4. gr.

Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 3. gr. og sem ekki eru á rennibraut, þarf ekki að koma fyrir undir bátsuglum, en þá skulu þau höfð á þeim stað á skipinu og þannig komið fyrir, að þau fljóti upp ef skipið sekkur.

II. KAFLI

Fiskiskip, önnur en togarar.

5. gr.

Útbúnaður fiskiskipa, annarra en togara, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal vera sá, er greinir í þessum kafla.

Sérhvert fiskiskip, sem er í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, en auk þess skal skipið fullnægja fyrirmælum þeim er hér greinir:

1. Skotbyrgi skal komið fyrir í eða við stýrishúsið, eða það sjálft varið skotum og sprengjubrotum, eins og bezt má verða, þegar tillit er tekið til stærðar skipsins, fyrirkomulags á því, haffæri o. fl.
2. Varðskýli skal vera á stýrishúsþaki, með greiðum aðgangi.
3. Í skipinu skal vera góð talstöð, og skal hún reynd í hvert sinn áður en skipið fer í utanlandsferð, af umboðsmanni landssímans.
4. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
5. Skipið skal hafa bjargbát eða bjargbáta samkvæmt áðurnefndri tilskipun og reglugerðum, og auk þess fullnægja ákvæðum 1., 2., 3., 6., 7., 8. og 10. liðs 2. gr. hér að framan.
6. Skipið skal hafa bjargfleka fyrir alla á skipinu og skal allur útbúnaður hans vera eins og sjá má á 3. gr. hér að framan.

III. KAFLI
Strandferðaskip og varðskip.

6. gr.

Farþegaskip og vöruflutningaskip í strandsiglingu og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Öll farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingu, og varðskip ríkisins, séu þau 400 rúmlestir eða stærri, skulu fullnægja 1., 2. og 3. gr. hér að framan, en með þessum undantekningum:
   a. Fyrir skipshöfn og farþega þessara skipa er ekki krafizt gúmmíbúninga, en þau skulu hafa rautt ljós við bjargvesti skipshafnarinnar.
   b. Vistir í bjargbátum og bjargflekum skulu vera samkvæmt tilskipun nr. 43 20. nóvember 1922.
   c. Suðuáhalds í bjargbátum, og segldúks til að safna regni, er ekki krafizt.
   d. Eldsneytisforði vélbátsins skal vera í 24 klst. með fullhraða
   e. Bjargfleka samkv. 3. gr. er krafizt fyrir alla skipshöfnina og farþega, að svo miklu leyti, sem það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt, með tilliti til stærðar skipsins og farþegatölu þeirrar, sem skipið má alls flytja. Skipaskoðunarstjóri ákveður tölu bjargfleka og mannfjölda þann, sem þeim er ætlað að bera.

7. gr.

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingu og varðskip ríkisins minni en 400 rúmlestir, skulu fullnægja ákvæðum áðurgreindra laga, tilskipun og reglugerða og auk þess eftirgreindum fyrirmælum:

1. Skipið skal hafa kapok-björgunarvesti með rauðu ljósi við fyrir skipshöfnina.
2. Skipið skal hafa annað hvort varðskýli ofan á stýrishúsi eða varðtunnu á framsiglu.
3. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
4. Utan á öllum bjargbátum og bátum í skipum yfir 100 rúmlestir, skulu vera korkpúðar eða kapokpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
5. Á botni bjargbátanna og annarra báta í skipum yfir 100 rúmlestir, skulu vera handlistar.
6. Í öllum bátum sé útbúnaður til að þétta leka, sjá 8. lið 2. gr.
7. Skipið skal hafa bjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í e-lið 6. gr., svo að þeir ásamt bátum skipsins geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa bjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.
8. Skipum, sem vegna smæðar sinnar geta ekki að áliti skipaskoðunarmanns haft bjargfleka samkvæmt 3. gr., er í stað hans heimilt að hafa kork- eða málmfleka, enda sé áður fengið samþykki skipaskoðunarstjóra til þess. Útbúnaður þessara fleka skal á þessum skipum vera sem hér segir: Tvær litlar árar, lítið vatnskvartil, korkdufl með veifu, og sé stöngin 2 m á lengd, bátsfesti og tvö góð vasaljós í vatnsheldum umbúðum.
9. Skipum, sem eru í innfjarðarsiglingu eða förum milli hafna innan landhelgi, getur skipaskoðunarstjóri, þegar ástæða þykir til, og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt að gera vægari kröfur en gerðar eru í þessari grein, að einu eða öllu leyti veitt tilslakanir frá þeim.

215 10. nóv.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um skip þau, sem um ræðir í I., II. og III. kafla.

8. gr.

Hægt skal vera að stöðva aðalvélina, bæði frá vélarúmi og efsta þilfari, með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

9. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en hann fer inn á svæði, þar sem ófriðarhætta er, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., og sjá um að allt sé í lagi. Skipaeftirlit ríkisins skal hafa stöðugt eftirlit með því, að fyrirmælum þessara reglna sé fram fylgt til hins ýtrasta og má ekkert skip láta úr höfn til útlanda, nema vottorð skipaskoðunar ríkisins sé fyrir hendi um að öll björgunartæki séu í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

10. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

11. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

12. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði, eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfn og farþegum.

Af slíkum öryggisráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldum hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar skulu teknar af og bátarnir skulu, hvenær sem er, hafðir tilbúnir til að síga í sjó.
3. Allir bátar og flekar, sem eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu, hvenær sem er, vera tiltæk.

13. gr.

Skipseiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra skips, sem er í innanlandssiglingum og er stærra en 200 rúmlestir, eða skips, sem fer til annarra landa, skal skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að útbúa skipið með tveimur P A C rakettubyssum og rakettum. Sé þess enginn kostur, skal umráðamaður skipsins eða skipstjóri þess þegar í stað tilkynna það skriflega skipaskoðun ríkisins, er þá getur undanþegið skipið frá þessu ákvæði, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

V. KAFLI
Um hleðslumerki.

14. gr.

Öll farþega- og vöruflutningaskip, sem ekki eru skyldug til að hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðalögum, svo og fiskiskip, er sigla milli landa, skulu hafa hleðslumerki og hleðslumerkjaskírteini samkvæmt hleðslumerkjareglugerð 12. marz 1943.

VI. KAFLI
Um flutning á benzíni og öðrum eldfimum efnum.

15. gr.

1. Farþegaskipum í utan- og innanlandssiglingum skal óheimilt að flytja benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.
2. Öðrum skipum skal leyft að flytja benzín eða önnur eldfim efni á þilfari, enda sé svo um farminn búið, að sem minnst hætta stafi af.

   Þegar sérstaklega stendur á er þessum skipum leyft að flytja allt að 10 farþegum jafnframt benzínflutningnum, enda fullnægi skipið öllum öðrum ákvæðum um flutning á farþegum með skipum, sem ekki eru farþegaskip.
3. Undir þilfari má ekki flytja benzín eða efni, sem eldfimar lofttegundir geta myndazt af og geta valdið sprengingu, nema í sérstökum þar til gerðum rúmum eða geymum.

   Skipaskoðunarstjóri setur ákvæði um það, hvernig þessi sérstöku rúm skulu gerð og loftræst í öðrum skipum en þeim, sem beinlínis eru smíðuð í þeim tilgangi að flytja eldfim efni og hlotið hafa viðurkenningu skipaflokkunarfélaga eða stjórnarvalda til þess.
4. Reykingar og umferð með ljós, sem íkveikjuhætta getur stafað af, er algerlega bönnuð á þilfari eða þeim stöðum, sem benzín eða eldfim efni eru á.
5. Skip, sem samkvæmt 2. lið þessa kafla er leyft að flytja nokkra farþega, skulu fullnægja þessum ákvæðum:
   a. Greinileg auglýsing um eldhættu skal fest upp á þeim stað eða stöðum, þar sem eldfim efni eru geymd.
   b. Eldfim efni, sem flutt eru á þilfari, skulu varin með segldúk, sem í er borin óeldfimur áburður.
   c. Þar, sem eldfim efni eru geymd, skulu ávallt vera tiltæk tæki til að slökkva með eld.
   d. Greiður aðgangur skal vera um þilfar, þar sem eldfim efni eru geymd, að íbúðum skipverja.

VII. KAFLI
Um útbúnað á síldveiðiskipum.

16. gr.

Skip, sem stunda síldveiðar með herpinót, skulu hafa eftirgreindan útbúnað:

Farmrúmið skal hólfað með skiljum milli traustra stoða, vel festum ofan og neðan. Á milli stoðanna skal vera sem næst einn metri á lengdina og ekki yfir 2 m á breiddina. Skiljuborð skulu vera úr 3—5 cm þykkum borðum, eftir stærð skipsins og bilsins milli stoðanna, borðin skulu falla vel í djúpar raufir í stoðunum. Skiljur farmrúmsins framan og aftan skulu vera fulltraustar.

Lestarop. Á öllum nýjum skipum skulu lestarkarmar smíðaðir samkv. 32. gr.

215 reglugerðar um smíði tréskipa. Sé lestarkörmum á öðrum skipum breytt, skal það
10. nóv. gert samkvæmt ákvæðum áður nefndrar greinar.

Gæta skal þess, að lestarhlerar séu hæfilega þykkir (sem næst þilfarsþykktinni) og falli vel, og ávallt skal rígbyrgja lestarop, áður en farmur er látinn á þilfarið.

Ruðningsop. Op, með hlerum fyrir á hjörum, skulu vera tvö á hvorri hlið og þannig frá þeim gengið, að fljótlega verði hægt að opna þau, svo að farmur á þilfari geti runnið út. Opin skulu vera á þeim stöðum, að sem fljótast sé að létta skipið. Enn fremur skulu vera venjuleg austurop, framan við fremstu og aftan við öftustu síldarsíu. Enn fremur skal vera frárás frá þeim rúmum á þilfari, sem síld er látin í.

Bjarglínur og handrið. Á öllum skipum, sem eru með farm á þilfari, sem aftrar greiðri umferð um skipið, svo og á öllum mótorbátum þegar þeir eru á ferð, hvort heldur þeir hafa farm á þilfari eða ekki, skulu vera bjarglínur, strengdar meðfram hliðum skipsins fyrir ofan öldustokk. Bjarglínur þessar skulu ná frá reiða á framsiglu og eins langt aftur og þilfarsfarmurinn er, en á mótorbátum hæfilega langt aftur fyrir reiða á aftursiglu, þar sem siglur eru tvær, ella aftur að skúta.

Handrið skulu vera á stýrishúsi og vélarúmi, þar sem því verður við komið.

Tveir bátar eða fleiri um nót. Þar, sem fleiri bátar en einn eru saman um nót, skulu þeir hver um sig hafa með sér bát þegar þeir fara til lands með afla.

VIII. KAFLI

Um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip.

17. gr.

Opnum bátum er óheimilt að flytja fleiri en 3 farþega auk formanns og vélamanns, nema hafa áður fengið leyfi til þess af skipaskoðunarmanni, sýslumanni eða hreppstjóra, enda fullnægi þá báturinn ákvæðum reglugerðar frá 17. september 1937, um skoðun á opnum bátum, enda bótt hann sé styttri en 6 metrar á lengd.

Sé slíkt leyfi veitt, skal liggja fyrir vottorð um skoðun á bátnum, og tekið skal tillit til stærðar hans, styrkleika og annarra atriða, er máli skipta. Leyfið skal aðeins gilda í eitt ár.

18. gr.

Þilfarsskipum í innfjarðarsiglingu er leyft að flytja nokkra farþega, en til þess skal fengið leyfi skipaskoðunarmanns, sem ákveður farþegatöluna, sem miðuð skal við stærð skipsins, útbúnað og farsvið.

Farþegatölunni skal haldið innan þeirra takmarka, sem sett eru með 22. gr. tilskipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um stað og flatarmál á þilfari fyrir farþegana.

Bjargbelti skulu vera fyrir alla á skipinu, og skulu þau höfð á þeim stað, er fljótlega verður til þeirra gripið.

Skip, sem fara út fyrir takmörk innfjarðarsiglinga, skulu fullnægja ákvæðum þeim, sem sett eru um skip í strandsiglingu, með þeim takmörkunum sem þau heimila

19. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki er unnt að koma fólki á mannfundi nema á skipi, skal leyft að flytja fleiri farþega en um getur í 16. og 17. gr. hér að framan, en fengið skal þá samþykki skipaskoðunarstjóra til þess, eða þess manns, er hann tilnefnir.

Skipaskoðunarstjóri setur öll nánari skilyrði fyrir slíkum farþegaflutningi, eftir stærð skipsins, útbúnaði og leið þeirri, sem fara á um.

20. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 50—5000 kr.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr. 215
Með reglum þessum eru úr gildi numdar: 10. nóv.
Reglur um útbúnað á síldveiðiskipum, nr. 22 6. apríl 1938.
Reglur um flutning á benzíni og öðrum eldfimum efnum frá 30. maí 1941 og 21. október 1942.
Reglur um hleðslu og eldneytisforða skipa, er flytja ísvarinn fisk til Bretlands á ófriðartímum, nr. 10 9. janúar 1941.
Reglur um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum, nr. 13 10. febrúar 1943.
Reglur um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip, nr. 46 13. marz 1943.
Auglýsing um breyting á reglum frá 10. febrúar 1943, um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum, frá 15. maí 1943.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 216
27. nóv.

um breyting á samþykkt nr. 94 6. nóvember 1929, um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr. orðist svo:
Sýsluvegir eru þessir:

I. flokkur.
1. **Hrútafjarðarvegur:** af þjóðvegi fyrir ofan Reykjastapa að Mýrum.
2. **Heggstaðavegur:** af þjóðvegi við Miðfjarðarárbrú að Söndum.
3. **Vesturárdalsvegur:** af þjóðvegi við Vesturárbrú um Kollafoss yfir Hrútafjarðarháls á þjóðveg hjá Brandagili.
4. **Austursíðuvegur:** af þjóðvegi hjá Saurum fram Austursíðu, um brú á Urriðaá og væntanlega brú á Austurá, að Hnausakoti.
5. **Núpsdalsvegur:** af þjóðvegi hjá Litlutungu fram Núpsdal að Efra-Núpi.
6. **Fitjárvegur:** af þjóðvegi fyrir sunnan Stórhól um Hrísa að Fremri-Fitjum.
7. **Víðidalsvegur:** af þjóðvegi hjá Deildarhól um brú á Fitjá og væntanlega brú á Víðidalsá að Hrappsstöðum.
8. **Vatnsnesvegur:** af þjóðvegi hjá Hvammstanga út Vatnsnes um brú á Hamarsá og væntanlega brú á Tjarnará að Hindisvík.
9. **Ásabæjavegur:** af þjóðvegi í Vesturhópi fyrir vestan Reyðarlæk um Litlu-Borgarkatla að Stóru-Borg.

II. flokkur.
1. **Ásgeirsárvegur:** af þjóðvegi hjá Lækjamóti að Stóru-Ásgeirsá.
2. **Breiðabólstaðarvegur:** af þjóðvegi sunnan Grundarár að Breiðabólstað.
3. **Dalavegur:** af sýsluvegi hjá Tjörn um Tungu fram á móts við Ásbjarnarstaði.
4. **Hlíðardalsvegur:** af sýsluvegi sunnan Hamarsár að Hlíð.